

ÖÍS-2018-07 Fuglamerki

Lýsing verkefnis: Verkefnið er þrjúþætt rannsóknarverkefni á fuglalífi í héraðinu. Leit að merktum fuglum við Öxarfjörð og á Sléttu, aflestur af merkjunum með hjálp fjarsjár og ljósmyndunar, talning á sanderlu á völdum stöðum í Núpasveit og á Sléttu að vori og aftur frá miðju sumri og loks vöktun á litmerktum tjöldum, komutíma þeirra, tímasetningu varps og eggjastærð og varpárangri.

Afgreiðsla: Verkefnið styður við fuglatengda ferðaþjónustu og aðrar náttúruvannsóknir á svæðinu, t.d. Rannsóknarstöðina Rif. Gildi rannsóknarinnar er mikið fyrir svæðið þar sem líklegt er að miklar breytingar verði á næstu árum. Fuglaskoðunarferðamennska er vaxandi á heimsvísu en fræðandi og græn ferðaþjónusta byggir fyrst og fremst á staðbundinni þekkingu.

Verkefninu var úthlutað kr. 400.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.